

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Útgarðs 4 á Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi sveitarstjórnar Norðurþings 30. október 2018 var samþykkt breyting deiliskipulags fyrir Útgarð 4 á Húsavík. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér stækkun byggingarreits um rúmlega 5 m til suðurs, breytt aldursviðmið fyrir íbúa og heimild fyrir að staðsetja sorpgeymslu utan byggingarreits.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Húsavík, 3. desember 2018.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2018